



### Kristín Rún Gunnarsdóttir

**MS-ritgerð:** Áhrif Covid-19 heimsfaraldurs á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu: ávísanamynstur sýkla- og öndunarfærallyfja

**Höfundur:** Kristín Rún Gunnarsdóttir fæddist 5.október 1997 og ólst upp á Seltjarnarnesi. Foreldrar hennar eru Hrafnhildur Kristjánsdóttir og Gunnar Grétar Gunnarsson. Kristín Rún lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Verzlunarskóla Íslands árið 2017. Hún hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands árið 2018. Samhliða námi hefur Kristín starfað á hjúkrunarheimili, hjá Alvotech og Lyfju. Eftir útskrift mun hún starfa sem lyfjafræðingur hjá Lyfju.



**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Þann 11. Mars 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnun yfir heimsfaraldri vegna SARS-CoV-2. Ýmsar ráðstafanir voru gerðar til að draga úr smithættu, s.s. fjöldatakmarkanir og útgöngubönn. Heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu þurftu að breyta þjónustu sinni, þ.e. takmarka komur á svæðið og rafræna- og símaþjónustu. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða þau áhrif sem faraldurinn hafði á heilsugæslurnar yfir tímabilið 1.mars 2020–28. febrúar 2022 með því að bera saman lyfjaávísanir og notkun samskiptaforma við tímabili 1.mars 2018–29.febrúar 2020. Niðurstöður benda til að breytingar hafi orðið á fjölda lyfjaávísana milli ársfjórðunga en ekki á notkun mism. samskiptaforma sbr. við fyrir faraldurinn.